

Tæknistefna VR

VR stefnir að því að hagnýta upplýsingatækni í starfsemi félagsins þar sem kerfi, þjónusta og tækninýjungar skulu vera öflug stoð við þau markmið sem félagið hefur sett sér.

Þjónustu félagsins skal miðlað markvisst til félagsmanna með notkun stafrænna miðla og upplýsingar úr gagnasöfnum skulu nýttar til þess að veita félagsmönnum sem besta þjónustu.

Tryggja skal gagnaöryggi og gagnaheilindi við vinnslu og varðveislu gagna með skýrum verklagsreglum, rekjanleika aðgerða, samþættu skjalaumhverfi og dulkóðun gagna.

Upplýsingatækni skal notuð til þess að skapa starfsfólki skilvirkt starfsumhverfi og auka yfirsýn stjórnenda. Notendabúnaður starfsfólks skal hæfa verkefnum þeirra og styðja við sveigjanlegt starfsumhverfi. Starfsfólk skal fá stuðning við að sækja sér þá þekkingu sem þarf til að sinna þeirri tækni sem er til staðar hjá félaginu á hverjum tíma.

Félagið verði leiðandi meðal stéttarfélaga í stafrænni þjónustu við félagsmenn sína og þjónusta við félagsmenn verði aðgengileg rafrænt á vef félagsins eins mikið og hægt er.